


# Kom, fylg mér – Verkefni

Fyrir heimiliskvöld eða ritningarnám – eða bara til ánægju!



26. febrúar–3. mars

## Pappírmusteri

FYRIR 2. NEFÍ 11–19

Jesaja kenndi að musterí séu sérstakir staðir þar sem við lærum um himneskan föður og Jesú Krist (sjá 2. Nefí 12:3). Búið til ykkar eigið musterí! Brjótið blað saman í þrjá jafna hluta. Klippið einn endann í þríhyrning. Breiðið úr blaðinu og teiknið ykkur sjálf í miðjuna.

**Fyrir yngri börn:** Horfið saman á mynd af musterí. Talið um það hvernig þið getið skynjað kærleika í húsi Guðs, eins og heima hjá ykkur.

4.–10. mars

## Syngjandi vitnisburðir

FYRIR 2. NEFÍ 20–25

Jesaja miðlaði vitnisburði sínum um Jesú Krist. Hann sagði að Jesús væri styrkur hans og lofsöngur (sjá 2. Nefí 22:2). Hvaða lög um Jesú kunnið þið vel við? Talið um það hvers vegna þið elskið þau. Syngið þau síðan saman!

**Fyrir yngri börn:** Syngið saman „Segðu mér sögur um Jesú“ (*Barnasöngbókin*, 36). Fáid börnin til að halda uppi mynd af Jesú í hvert skipti sem minnst er á hann í laginu.



11.–17. mars

## Orð á orð ofan Sögustund

FYRIR 2. NEFÍ 26–30

Himneskur faðir hjálpar okkur að læra „orð á orð ofan,“ eða smátt og smátt (2. Nefí 28:30). Segið frá uppáhalds ritningarsögu saman, eina línu í einu! Hver og einn skiptist á og fer með eina setningu í sögunni þar til sögunni lýkur.

**Fyrir yngri börn:** Himneskur faðir hjálpar okkur að læra um Jesú Krist. Flettið upp á bls. 48 og skiptist á að lita einn hluta myndarinnar í einu.



18.–24. mars

## Skref til að fylgja Jesú

FYRIR 2. NEFÍ 31–33

Nefí kenndi að við fylgjum Jesú Kristi þegar við höfum trú á hann, iðrumst, skírumst og meðtökum heilagan anda og stöndumst allt til enda (sjá 2. Nefí 31). Skriðið hvert skref á mismunandi blöð, dreifið þeim síðan um gólfið. Ein persóna lokar augum sínum og telur upp á 10 á meðan allir aðrir stíga á blað. Sá sem telur segir þá eitt af skrefunum til að fylgja Jesú. Sá sem stendur á því blaði, telur næst.

**Fyrir yngri börn:** Þegar við höfum trú á Jesú Krist, fylgjum við því sem hann segir. Myndið röð og gangið um. Sá sem er fremstur er leiðtoginn. Hver og einn hermir eftir göngulagi leiðtogans. Skiptist á um að vera leiðtoginn!



25.–31. mars

## Páskaliljur

FYRIR PÁSKA

Vegna Jesú Krists, munum við lifa á ný eftir að við deyjum (sjá Alma 40:22–25). Búið til páskaliljuföndur á bls. 17. Setjið liljurnar ykkar þar sem fjölskylda ykkar getur séð þær til að hjálpa ykkur að minnast frelsarans þessa viku.

**Fyrir yngri börn:** Lesið um páskana á bls. 46. Fáid börn ykkar til að benda á hverja mynd af Jesú er þið lesið.